



Áhersla á augnablik sem er hverfandi



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Anna Rún Tryggvadóttir er í hópi fjórtán listamanna sem sýna verk á sýningunni Iðavöllur sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu.

Verk Önnu Rúnar á sýningunni heitir Hringfarar og samanstendur af vélbúnaði og trjám sem eru á hægri hreyfingu.

„Safnið er staður upplifunar, og hér heldur það utan um gjörninginn Hringfarar, þar sem tré, sem koma úr grisjun hjá Skógrækt Reykjavíkurborgar, enda líf sitt fyrir framan áhorfendur. Trén eru staðsett ofan á hringsnúandi mótorum, þau liggja lárétt í rýminu og eru þar að stiga eins konar dans,“ segir Anna Rún.

Að finna og upplifa

Spurð hvort hún sé að koma ákveðnu erindi til skila í verkinu segir hún: „Ég er mjög hugsýnandi yfir því hversu erfiðlega okkur mannkyninu gengur að vera heilðrænn hluti af hinum náttúrulega heimi. Hugmyndir um að manneskjan sé aðskilin eða æðri náttúrunni hafa verið þrálátt stef í mannkyns sögunni, sérstaklega frá tímum iðnbyltingarinnar, og halda áfram að vera stærsti skaðvaldurinn í viðbragði okkar við ógnir í umhverfismálum. Ég tel að uppgjör við skaðann sem þessi hugmyndafræði veldur sé næsta stóra byltingin og umbótin gegn kerfisbundinni valdniðslu.“

Í myndlistinni hef ég áhuga á að fjalla um þessi mál en á ljóðrænan hátt, hátt sem rúmar vítt spektrúm upplifunar tengslamyndunar og jafnvel andstædur. Við þurfum að leyfa okkur að finna og upplifa, sérstaklega náttúruna. Þessi tré hafa lifað í áratugi, áratugi af lifudum tíma, þekkingu, reynslu, aðlögunarhæfni og fleiru sem allar lífverur búa yfir. Í þessum gjörningi eru þau að umbreytast í líkneski af sjálfum sér, verkið getur því verið upphafning eða sorgarferli eða bæði



Það fallega í verkinu eru trén sjálf, segir Anna Rún.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÐPÓR

eða hvorugt. Áhorfendum býðst að vera vitni að þessari umbreytingu, og kannski í leiðinni að vera vitni að eigin upplifun.“

Alltaf að breytast

Innsetning Önnu Rúnar er falleg og hlýtur að framkalla í huga áhorfandans virðingu fyrir náttúrunni. Hafði hún fegurðarþáttinn í huga við gerð verksins?

„Já, auðvitað, en hann stjórnar ekki ferðinni. Það fallega í verkinu eru trén sjálf. Þegar þau eru tekin úr sínu eðlilega umhverfi og færð inn í safn öðlast þau nýja merkingu og útlit þeirra verður skyndilega skúlptúrískt.“

Anna Rún hannaði sjálf og gerði vélbúnað verksins. „Ég er með frá-



Verkið getur því verið upphafning eða sorgarferli eða bæði eða hvorugt.

bæran aðstoðarmann sem er faðir minn. Í tíu ár hefur hann komið að flestum verkum sem ég hef hannað þar sem vélbúnaður kemur við sögu.“

Verk Önnu Rúnar tekur breytingum með tímanum. „Þegar ég kem á sýninguna og skoða verkið þá er alltaf eins og ég sé að sjá það í fyrsta sinn. Það er alltaf að breytast,“ segir hún og bætir við: „Einmitt þetta er gegnumgangandi þráður í því hvernig ég vinn myndlist, þar er alltaf áhersla á augnablik sem er hverfandi.“

Ýmislegt er fram undan hjá Önnu Rún. Í september tekur hún þátt í sýningu í Norræna húsinu og hún sýnir verk í Berlín og Kassel á næsta ári. ■